



Innviðaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Gunnarsholti, 31. október 2023

Efni: Hvítbók um skipulagsmál. Drög að landsskipulagsstefnu til 15 ára og aðgerðaáætlun til fimm ára.

Landgræðslunni barst til umsagnar Hvítbók um skipulagsmál. Drög að landsskipulagsstefnu til 15 ára og aðgerðaáætlun til fimm ára. Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.


Landgræðslan fagnar endurskoðun Landskipulagsstefnu, þeim áherslum sem þar koma fram og telur hana falla augljóslega að markmiðum laga um landgræðslu. Það á einkum við um yfirmarkmið um vernd umhverfis og náttúru. Jafnframt undirmarkmiðum um að skipulag lands miði að því að vernda kolefnisríkt land og jarðveg; kolefnishlutleysi; að draga úr hnignun vistkerfa og endurheimt þeirra; að vernda og varðveita líffræðilega fjölbreytni; að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, óbyggð víðerni og landslagsheildir; og að skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í náttúrulegu og manngerðu landslagi.

Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við það skipulagsferli sem snýr að verkefnum stofnunarinnar og varða vernd- og endurheimt vistkerfa og sjálfbæra nýtingu lands. Eftir sem áður er æskilegt að leita leiða til að greiða leið verndar- og endurheimtarverkefna, s.s. endurheimtar votlendis, endurheimtar birkivistkerfa og annarra náttúrulegra vistkerfa, í aðalskipulagsvinnu. Það mætti t.a.m. gera með því að samhæfa reglur um framkvæmdaleyfisskyldu endurheimtar votlendis. Um leið mætti skerpa enn frekar á reglum er varða ný-framræslu lands. Einnig væri æskilegt að ríki og sveitarfélög þróðu græna hvata til verndar- og endurheimtarverkefna til að hraða verkefnum og stuðla að framgangi Landsskipulagsstefnunnar.

Að lokum vill Landgræðslan benda á mikilvægi þess að aðskilja landgræðslu og skógrækt í landflokkun aðalskipulagsgerðar. Í því samhengi er landgræðsla ekki samrýmanleg skógrækt annarri en vexti og viðhaldi innlendra skógarvistkerfa.

Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við Hvítbók um skipulagsmál en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa.

Virðingarfyllst,
f. h. Landgræðslunnar


Davíð Arnar Stefánsson,